

MINNISBLAÐ

Viðtakandi: Skóla- og frístundaráð

Sendandi: Helgi Grímsson, sviðsstjóri skóla- og frístundasviðs

Varðandi tillögu fulltrúa í ungmennaráði Vesturbæjar, Miðborgar og Hlíða um fræðslu í skyndihjálpi

Á fundi borgarstjórnar þann 14. febrúar 2023 var lögð fram svohljóðandi tillaga Úlfhildar Elísu Hróbjartsdóttur, fulltrúa í ungmennaráði Vesturbæjar, Miðborgar og Hlíða:

Lagt er til að borgarstjórn samþykki að fela skóla- og frístundaráði að sjá til þess að nemendur í grunnskólum Reykjavíkurborgar fái fræðslu í skyndihjálpi annað hvert ár, tvo klukkutíma í senn, frá og með vorönn 2024.

Greinargerð fylgdi tillögunni.

Umsögn:

Í Aðalnámskrá grunnskóla frá 2013, kafla 23, er fjallað um skólaípróttir. Í kafla 23.2 er fjallað sérstaklega um hæfniviðmið fyrir skólaípróttir. Umfjöllun um skyndihjálpi í hæfniviðmiðum skólaípróttanna er aðallega tengd skólasundi en ekki skólaípróttum almennt. Í hæfniviðmiðum fyrir þáttinn *öryggis- og skipulagsreglur* er tilgreint að við lok 7. bekkjar eiga nemendur að geta beitt helstu atriðum skyndihjálpar, endurlífgun og bjargað jafninga á sundi stutta sundleið. Við lok 10. bekkjar eiga nemendur að geta framkvæmt og útskýrt helstu atriði skyndihjálpar, endurlífgunar og björgunar úr vatni og notkun björgunaráhalda ásamt því að geta bjargað jafningja á björgunarsundi. Í kafla 23.3 er fjallað sérstaklega um kennsluhætti og námsmat í skólaípróttum og bent á mikilvægi sundkunnáttu í slysavörnum og heilsuefningu landsmanna. Einnig er bent á að í skólaípróttum sé meiri hættu en í flestum öðrum námsgreinum á að nemendur verði fyrir hnjaski eða meiðslum og að það sé því oft á valdi ípróttakennara og starfsfólks ípróttanna- og sundstaða að koma í veg fyrir slys með góðu skipulagi og öryggisreglum sem farið er eftir.

Í kafla 23.4 í aðalnámskránni er fjallað um matsviðmið í skólaípróttum við lok grunnskóla. Til að fá A í skólaípróttum við lok grunnskóla þarf nemandi að geta „framkvæmt, útskýrt og beitt flestum atriðum skyndihjálpar, endurlífgun og björgun úr vatni og notað af öryggi björgunaráhöld“. Til að fá B í skólaípróttum við lok grunnskóla þarf nemandi að geta „framkvæmt, útskýrt og beitt helstu atriðum skyndihjálpar, endurlífgun og björgun úr vatni og notað björgunaráhöld“. Til að fá lokaeinkunnina C í skólaípróttum við lok grunnskóla þarf nemandi að geta „framkvæmt, og útskýrt nokkuð vel helstu atriði skyndihjálpar og björgun úr vatni og notað björgunaráhöld“. Matsviðmið í skólaípróttum við lok grunnskóla virðast því aðallega tengjast skólasundi en ekki skyndihjálpi almennt.

Aðalnámskrá grunnskóla virðist því aðallega gera ráð fyrir að eiginleg skyndihjálpi sé a.m.k. á dagskrá nemenda á miðstigi til að þeir geti beitt helstu atriðum skyndihjálpar. Stutt könnun á skólanámskrám grunnskóla borgarinnar bendir til þess að eiginleg skyndihjálpi sé ekki víða á dagskrá í 1. – 7. bekk heldur er aðaláherslan hjá þessum aldurshópum á að tryggja öryggi barna í skóla- og frístundastarfi og að farið sé eftir þeim reglum sem settar eru til að tryggja



öryggi barna. Í [Handbók um velferð og öryggi barna í grunnskólum](#) eru sett fram viðmið um heilsutengdar forvarnarkynningar og fræðslu í skólum sem skólar geta nýtt sér við að skipuleggja hvers konar forvarnarfræðslu í sínu starfi, þ.m.t. skyndihjálpar. Stutt athugun á síðu [Menntamálastofnunar](#) benti ekki til þess að mikið úrval sé af námsefni um skyndihjálpar sem kennarar geti nýtt í almennu skólustarfi enda þurfa þeir sem kenna skyndihjálpar að kunna ákveðin vinnubrögð og handtök og að geta leiðbeint um slíkt. Sérstakt próf þarf til að mega kenna skyndihjálpar og er það hluti af grunnmenntun kennaranema í íþrótt- og heilsufræði á háskólastigi og þá aðallega tengt skólasundi en ekki sem hluti af almennri kennaramenntun og þarf að endurtaka þá fræðslu á þriggja ára fresti sem hluti af sérstöku hæfnisprófi. Leiðbeinendur sem annast hæfnisprófin þurfa einnig að hafa lokið sérstökum leiðbeinendanámskeiðum í skyndihjálpar og björgun.

Á heimasíðum Neyðarlínunnar og Rauða krossins er megináhersla á að þau börn og ungmenni sem lenda í slysum eða verða vitni að slysum sæki sér aðstoð fullorðinna og/eða hringi í 112 eða hjálparsíma Rauða krossins 1717. Frá unga aldri er hægt að kenna börnum þessi númer og minna á þau reglulega. M.a. hafa verið samín sérstök 112 lög og einnig skyndihjálparlag.

Rauði krossinn býður upp á sérstakt námskeið fyrir 12 – 16 ára og eldri sem kallað er [Bjargvættir](#) um grunnatriði skyndihjálpar og lágmarksfærni í að veita slösuðum eða veikum aðstoð í bráðatilfellum. Grunnskólar geta væntanlega fengið til sín slíkt námskeið gegn gjaldi eða keypt námskeið af öðrum aðilum sem hafa réttindi til að halda slíkt námskeið en ekki er gert ráð fyrir aukakostnaði við skyndihjálparnámskeið í reiknilíkani grunnskóla.

Skóla- og frístundasvið getur því tekið undir mikilvægi þess að allir nemendur í 7. – 10. bekk fái grunnfræðslu í skyndihjálpar miðað við aldur og þroska eins og aðalnámskrá grunnskóla gerir ráð fyrir. Fræðsla fyrir yngri nemendur byggist eftir sem áður á að kenna nauðsynlegar öryggisreglur, hvers vegna mikilvægt sé að fara eftir þeim og fylgja því eftir að slíkar reglur séu virtar og að farið sé eftir þeim. Einnig er mikilvægt að kynna vel og rifja upp með yngri börnum símanúmer Neyðarlínunnar, 112, og hjálparsíma Rauða krossins, 1717, og hvaða hjálpar sé að fá hjá þessum aðilum.